

Education at a Glance: OECD Indicators - 2004 Edition

Summary in Icelandic

Menntun við fyrstu sýn: Vísbendingar OECD – Útgáfa 2004

Útdráttur á íslensku

Sakir breytinga á efnahags- og félagslegum aðstæðum hefur menntun fengið síaukið vægi í velgengni einstaklinga og þjóða. Mannauður hefur lengi verið skilgreindur sem lykilþáttur í baráttunni við atvinnuleysi og lág laun, en nú eru einnig sterkar vísbendingar um að hann tengist breiðu sviði ó-efnahagslegs ávinnings, þar á meðal framförum í heilbrigði og meiri vellíðunarkenndar.

Ávinningurinn af menntun hefur hvatt til aukinnar þátttöku í breikkandi sviði námsathafna – fólks á öllum aldri, frá snemmbarnsku til efri fullorðinsára. Þar sem eftirspurn eftir námi eykst og verður fjölbreyttari, er það áskorun fyrir stjórnvöld að tryggja að námsmöguleikar sem í boði eru svari raunverulegri, virkri þörf á kostnaðarhagkvæman hátt.

Menntun við fyrstu sýn – Vísbendingar OECD 2004 býður upp á fjölskrúðugt, hliðstætt, og nútímalegt safn vísbendinga um frammistöðu menntakerfa sem stendur fyrir samhljóma álit faglegra hugleiðinga um hvernig mæla eigi núverandi stöðu menntunar á alþjóðavettvangi. Vísbendingarnar veita upplýsingar um þann mannafla og það fjármagn sem lagt er í menntun, um hvernig menntun og námskerfi vinna og þróast, og um arðsemina af fjárfestingu í menntun. Lykilniðurstöður útgáfunnar eru sem hér segir:

Lengd skólagöngu á OECD svæðinu

- Meðal-námsárangur fullorðinna íbúa í OECD ríkjum samsvarar 11,8 árum, miðað við tímalengd núverandi menntunarkerfa. Í þeim 18 ríkjum sem mælast fyrir ofan OECD meðaltalið, er meðallengd skólagöngu á bilinu 11,8 til 13,8 ár. Í þeim 12 ríkjum sem eftir standa er dreifingin meiri, og nær yfir meira en fjögur ár, frá stysta tíma 7,4 ár til 11,8 ára (Tafla A1.1).

Grunnlína hæfni til árangursríkrar inngöngu á vinnumarkaðinn

- Í 17 af 20 OECD ríkjum með sambærilegar upplýsingar, fer hlutfall þeirra sem **útskrifast úr framhaldsskóla** á dæmigerðum útskriftaraldri yfir 70% af íbúafjölda. Í Danmörku, Þýskalandi, Japan, Noregi, Póllandi og Sviss er útskriftarhlutfall um eða yfir 90%. Áskorunin felst nú í að tryggja að það brot sem eftir stendur sé ekki skilið eftir, með þeirri hættu á félagslegri útilokun sem það gæti haft í för með sér (Tafla A2.1).
- Samanburður á námsárangri íbúa á aldrinum 25 til 34 ára, annars vegar, og íbúa á aldrinum 45 til 54, hins vegar, sýnir að hlutfall einstaklinga sem hafa **lokið framhaldsskólanámi** hefur farið vaxandi í flestum OECD ríkjum, og hratt í sumum þeirra: í tveimur-þriðju ríkjanna er hlutfallið á milli 70 til 95% hjá yngstu kynslóðinni. Mörg ríki sem hafa haft lágt menntunarstig í gegnum árin eru að vinna það upp (Tafla A2.2).

Framhaldsmenntun á háskólastigi

- Í 17 OECD ríkjum með sambærilegar upplýsingar, hafa að meðaltali 32% fólks á dæmigerðum útskriftaraldri um þessar mundir **lokið A námi á háskólastigi** sem samanstendur af háskólum og öðrum stofnunum sem bjóða upp á svipaða menntun – tala sem sveiflast frá undir 20% í Austurríki, Tékklandi, Þýskalandi og Sviss, upp í yfir 40% í Ástralíu, Finnlandi, Íslandi og Póllandi (Tafla A3.1).
- Ef mælt er út frá námsárangri hefur **háskólastigs-kunnátta** hjá fullorðnum íbúum OECD aukist. Samt sem áður er mestur hluti þessarar aukningar vegna verulegrar aukningar á útskriftarhlutfalli af háskólastigi í tiltölulega fáum ríkjum (Tafla A3.4).
- Að meðaltali er það þriðjungur nemenda í OECD ríkjum sem **“fellur brott” úr háskólanámi** áður en þeir ljúka sinni fyrstu gráðu (Tafla A3.2).
- Í OECD ríkjum fær að meðaltali nærri þriðjungur **útskriftarnema** sem fær háskólagráðu eða gráðu á jafngildu stigi, þá gráðu í félagsvísindum, viðskiptum eða lögum. Næstvinsælasta **námssviðið** er vísindatengt (verkfræði, iðnframleiðsla og verkframkvæmdir, lífsvísindi, eðlisvísindi og landbúnaður, stærðfræði og tölvunarfræði; heilsugæsla og velferðarmál ekki talin þar með) en þaðan útskrifast fjórði hver nemandi að meðaltali (Tafla A4.1).
- Í hugvísindum, listum, menntun, heilsugæslu og velferðarmálum í OECD ríkjum eru að meðaltali meira en tveir-þriðju **útskriftarnema** af háskólastigi, eða jafngildu stigi, **konur**. Hins vegar eru innan við þriðjungur útskriftarnema í stærðfræði og

tölvuvísindum, og innan við fimmtungur útskriftarnema í verkfræði, iðnframleiðslu og verkframkvæmdum, konur (Tafla A4.2).

- **Útskriftarhlutfall kvenna** úr háskóla eða af jafngildu stigi er jafnt eða hærra en karla í flestum OECD ríkjum, en karlar eru samt líklegri en konur til að ljúka framhaldsrannsóknarmenntun, svo sem doktorsgráðum (Tafla A4.2).

Gæði námsútkomu í grunnskóla

- Í samanburði sem níu ríki tóku þátt í, sýndu fjögur (Grikkland, Ungverjaland, Ísland og Slóvenía) tölfraðilega marktæka aukningu í meðaltals-**lestrargetu 4. bekkings** milli 1991 og 2001, sem var á bilinu frá aukningu um 16 punkta í Ungverjalandi til aukningar um 41 punkt í Grikklandi. Á hinn bóginn dróst geta Svíþjóðar saman á þessu tímabili, frá 513 punktum árið 1991 til 498 punkta árið 2001 (Tafla A5.1).
- Í Ungverjalandi dró bætt geta **efsta fjórðungs nemenda** upp meðalgetuna. Á hinn bóginn leiddi hnignandi geta efsta fjórðungs nemenda í Svíþjóð til rýrmandi meðalgetu sænskra nemenda (Tafla A5.1).
- Árið 1991 **stóðu stúlkur sig betur en piltar** í öllum níu ríkjunum. Þó mismunur hliðhollur stúlkum sé enn til staðar í flestum ríkjum árið 2001 hefur mælanlegur munur horfið á Ítalíu og Íslandi (Tafla A5.2).

Gæði námsútkomu við lok unglingsstigs

- Í OECD ríkjunum sýndu að meðaltali 10% **15 ára unglinga 5. stigs lestrarkunnáttu**, sem felur í sér mat á upplýsingum og smíði tilgáta sem byggja á sérþekkingu og gera ráð fyrir hugmyndum þvert á væntingar. Hins vegar er þessi hundraðshluti breytilegur, frá 19% í Finnlandi á Nýja-Sjálandi, til undir 1% í Mexíkó. Að meðaltali hafa 12% 15 ára unglinga aðeins náð **grundvallarlestrarkunnáttu á 1. stigi** og önnur 6% hafa jafnvel ekki náð því (Tafla A6.1).
- **15 ára unglingar** í Japan sýna hæsta meðalskor í **stærðfræðilæsi**, þrátt fyrir að ekki sé hægt að greina þeirra skor tölfraðilega frá nemendum í tveimur öðrum hágeturíkjum, Kóreu og Nýja-Sjálandi. Á **vísindalæsi**-skala sýna nemendur í Japan og Kóreu hæstu meðalgetuna (Töflur A7.1 og A7.2).
- Meðan það er mikill munur á meðalgetu milli ríkja, er **fráviknið í getu meðal 15 ára unglinga innan hvers ríkis** mörgum sinnum meira. Hins vegar er mikill mismunur á getu ekki endilega skilyrði til að ríki nái háu stigi heildargetu. Þvert á móti, því geta í fimm af ríkjunum með minnsta muninn á getu á stærðfræðilæsisskalanum, nefnilega Kanada, Finnlandi, Íslandi, Japan og Kóreu, er merkjanlega yfir OECD meðaltalinu, og fjögur þeirra, Kanada, Finnland, Japan og Kórea, eru meðal þeirra sex ríkja sem ná bestri frammistöðu í stærðfræðilæsi (Tafla A7.1).

Kynjamunur í námsútkomu og afstöðu nemenda

- Á 4. bekkjar stigi standa konur sig að meðaltali verulega betur en karlar í lestrarkunnáttu, og við 15 ára aldur er **kynjabilið** í lestri gjarnan stórt (Töflur A9.2 og A9.3).
- Í stærðfræði standa 15 ára karlar gjarnan lítillega betur að vígi í flestum ríkjum; í vísindum eru **kynjamynstur** ógreinilegri og ójafnari (Tafla A9.2).

- Í þekkingu á samfélagsfræði birtist lítill kynjamismunur meðal 14 ára unglunga (Tafla A9.4).
- Konur virðast hafa meiri væntingar til framtíðarstarfa en karlar, en það eru umtalsverð frávík í væntingum hjá báðum kynjum milli ríkja (Tafla A9.1).
- Í um helmingi ríkjanna kusu konur frekar samvinnunám en karlar, þegar karlar í flestum ríkjum kusu aftur á móti frekar samkeppnisnám en konur (Tafla A9.5b).

Þátttaka nemenda og skuldbinding við skóla

- Nærri fjórðungur 15 ára unglunga, að meðaltali, sýnir neikvæð viðhorf gagnvart þeirri tilfinningu að skólinn væri rétti staðurinn fyrir þá, og að meðaltali fimmti hver sagðist hafa nýverið sleppt að mæta í skóla, komið seint eða skrópað í kennslustundum (Graf A8.1).
- Nemendur í Austurríki, Svíþjóð og Sviss sögðust hafa sérstaka mikla tilfinningu fyrir að vera á réttum stað, á meðan nemendur í Belgíu, Tékklandi, Japan, Kóreru og Póllandi, sögðust hafa tilfinningu undir meðallagi um að vera á réttum stað (Tafla A8.1).
- Í flestum ríkjum er tíðni nemenda með litla tilfinningu um að vera á réttum stað verulega breytileg milli skóla og frávikið milli skóla var jafnvel enn meira þegar kom að þátttöku nemenda (Vísbending A8).
- Þegar kemur að einstökum nemendum eru tengslin milli þátttöku nemenda og tilfinningu um að vera á réttum stað veik, sem bendir til að það séu margir nemendur sem skortir tilfinningu um að vera á réttum stað en sækja samt skóla reglulega, og öfugt (Graf A8.3).
- Á hinn bóginn, helst tilfinning nemenda fyrir því að vera á réttum stað og þátttaka þeirra gjarnan í hendur á vettvangi skólans, og er nátengd frammistöðu í skóla, sem bendir til þess að skólar með hátt stig skuldbindinga séu gjarnan einnig með hátt stig bóklegrar getu (Graf A8.3).
- Greiningin leiðir einkanlega í ljós að umtalsverður hluti nemenda með tiltölulega mikla bóklega getu skýra samt frá lítilli tilfinningu fyrir að vera á réttum stað (Graf A8.4).

Atvinnulegur ávinningur af menntun

- Atvinnuhlutfall eykst með námsárangri í flestum OECD ríkjum. Með sárafaum undantekningum er atvinnuhlutfall útskriftarnema af háskólastigi merkjanlega hærra en hlutfall útskriftarnema úr framhaldsskólum. Hvað karla varðar, er bilið sérstaklega breitt milli útskriftarnema úr framhaldsskóla og þeirra sem eru án framhaldsskólaprófs (Tafla A10.1a).
- Atvinnuhlutfall kvenna sem ekki hafa náð árangri í framhaldsskóla er sérstaklega lágt. Hlutfall kvenna með A-gerð háskólanáms, fer yfir 75% í öllum ríkjum nema fjórum, en helst fyrir neðan hlutfall karla í öllum ríkjum (Tafla A10.1a).
- Kynjabil atvinnuhlutfalls minnkar með auknum námsárangri. Bilið er 23 hundraðshlutar meðal fólks með framhaldsskólamenntun og 11 hundraðshlutar meðal þeirra sem eru með mesta námsárangur (Tafla A10.1a).

Tekjuávinningur fyrir einstaklinga

- **Menntun og tekjur** eru skilyrðislaust tengdar. Í mörgum ríkjum myndar framhaldsskólamenntun þann vendipunkt að öll viðbótarmenntun umfram hana laðar að sér sérstaklega háa aukabókun. Í öllum ríkjum þéna útskriftarnemar af háskólastigi verulega meira en útskriftarnemar úr framhaldsskóla. Tekjumunur milli háskóla- og framhaldsskólamenntunar er venjulega meira áberandi en munurinn á milli framhaldsskóla- og grunnskóla-, eða minni menntunar (Tafla A11.1a).
- **Tekjur fólks með minni menntun en úr framhaldsskóla** er gjarnan á bilinu 60 til 90% af tekjum útskriftarnema úr framhaldsskóla (Tafla A11.1a).
- **Konur þéna enn minna en karlar** með námsárangur á svipuðu stigi (Tafla A11.1b).

Menntun, framleiðni vinnuafls, og hagvöxtur

- Nýlegar greiningar á **mannauði** í 14 OECD hagkerfum – byggðar á stöðu lestrarkunnáttu – benda til verulegra jákvæðra **áhrifa á vöxt** (Vísbending A12).
- Aukning í **stofni mannauðs** eykur framleiðni vinnuafls og þjónar einnig sem hvati tækniframfara (Vísbending A12).
- Aukin **framleiðni vinnuafls** skýrir að minnsta kosti helminginn af **vexti vergrar þjóðarframleiðslu á mann** í flestum OECD ríkjum á tímabilinu 1990-2000 (Graf A12.1).
- Á OECD svæðinu almennt, er áætlað að með því að auka meðalstig námsárangurs um eitt ár, lyfti það afkastastiginu á mann um milli 3% og 6% (Vísbending A12).

Fjármagn sem lagt er í menntun

Útgjöld á hvern nemanda

- OECD ríki **verja** US\$ 4.819 á hvern **grunnskólanema**, US\$ 6.688 á hvern **framhaldsskólanema** og US\$ 12.319 á hvern háskólastignema, en þessi meðaltöl dylja breitt svið útgjalda í ríkjunum. Að meðaltali, eins og sýnt er með einföldum hætti í öllum OECD ríkjum, verja ríki 2,2 sinnum meira í hvern nemanda á háskólastigi en á grunnskólastigi (Tafla B1.1).
- Þegar rannsóknar- og þróunarstarf (R&D) er undanskilið, samsvara **útgjöld í menntastofnunum á háskólastigi** að meðaltali US\$ 7.203 og eru á bilinu frá US\$ 4.000 eða lægra í Grikklandi, Mexíkó, Póllandi og Tyrklandi, upp í yfir US\$ 8.000 í Ástralíu, Belgíu, Danmörku, Írlandi, Hollandi, Svíþjóð, Bretlandi og Bandaríkjunum (Tafla B1.1).
- Í sumum OECD ríkjum verða lág árleg útgjöld á hvern nemanda á háskólastigi á endanum hár **heildarkostnaður á hvern nemanda á háskólastigi** vegna þess að nemendur í háskóla eru í námi yfir langt tímabil (Tafla B1.1).
- Lægri útgjöld er ekki sjálfvirk hægt að leggja að jöfnu við minni **gæði menntunarþjónustu**. Ástralía, Finnland, Írland, Kórea og Bretland, sem eru með hófleg útgjöld til menntunar á mann, á grunnskólastigi, eru meðal þeirra OECD ríkja sem hafa hæsta getustig 15 ára nemenda á lyklnámssviðum (Vísbendingar A6 og B1).

- Það er verulegur munur á milli hlutfalls þess fjármagns sem notað er til að fjárfesta og hlutfalls nemenda sem skrá sig í nám á háskólastigi. Að meðaltali, í þeim 24 OECD ríkjum sem fáanlegar eru upplýsingar um, er 24% allra útgjalda til menntastofnanna ráðstafað til háskólamenntunar, á meðan aðeins 14% nemenda eru skráðir á þetta stig menntunar (Tafla B1.4).
- **Útgjöld** á hvern grunnskóla-, framhaldsskóla- og framhaldsnemanda, fyrir utan háskólanema, jukust um 29% eða meira **milli 1995 og 2001** í Ástralíu, Grikklandi, Írlandi, Póllandi, Portúgal, Spáni og Tyrklandi. Á háskólastiginu hafa fjárframlög til menntunar ekki alltaf haldið í við hraða aukningu skráninga (Tafla B1.5).
- Í sjö af 22 OECD ríkjum sem hægt er að fá upplýsingar um, minnkuðu **útgjöld til menntastofnanna á hvern háskólanemanda**, umreiknuð í US\$, **milli 1995 og 2001**, á meðan verg þjóðarframleiðsla á mann jókst á sama tíma (Tafla B1.6).

Hluti þjóðartekna sem lagður er í menntun

- OECD ríkin verja 6,2% af samanlagðri vergri þjóðarframleiðslu í menntastofnanir sínar (Tafla B2.1a).
- Í 17 af þeim 18 OECD ríkjum sem hægt er að fá upplýsingar um, jukust **opinber- og einkaframlög til menntastofnana** um meira en 5% að raunvirði **milli 1995 og 2001**. Á hinn bóginn, í mótsögn við tilhneigingar í upphafi tíunda áratugarins, dróst aukning í framlögum til menntastofnanna gjarnan aftur úr aukningu þjóðartekna (Töflur B2.1a og B2.2).
- Kanada, Kórea og Bandaríkin verja meira en 2% af vergri þjóðarframleiðslu til **menntunar á háskólastigi** (Tafla B2.1b).

Opinberir sjóðir og einka

- **Menntastofnanir eru enn að mestu leyti fjármagnaðar með opinberu fé:** 88% af öllu fjármagni til menntastofnanna kemur úr opinberum sjóðum. **Einkafjármögnum** er samt sem áður veruleg í Kóreu (þar sem hún nemur 43% af heildarframlagi), Bandaríkjunum (að nálgast þriðjung af heildarframlagi), Ástralíu og Japan (næstum fjórðungur af heildarframlagi) (Tafla B3.1).
- Í mörgum OECD ríkjum **greiða stjórnvöld stærstan hluta kostnaðar við grunn- og framhaldsskólamenntun** en láta einkageiranum eftir rekstur menntastofnana á þessum stigum. Þetta býður upp á víðara svið námsmöguleika án þess að hindra að nemendur frá lágtekjufjölskyldum geti verið þátttakendur (Töflur B3.2a og B3.3).
- **Stofnanir á háskólastigi** fá gjarnan mun hærra hlutfall síns fjármagns frá **einkasjóðum** en stofnanir grunn- og framhaldsnáms. Hluttur einkageirans er frá innan við 4% í Danmörku, Finnlandi, Grikklandi og Noregi, upp í meira en þrjá-fjórðu hluta í Kóreu, en felur í sér einkageiðslur sem eru niðurgreiddar úr opinberum sjóðum (Tafla B3.2b).
- Í þriðjungi ríkjanna - Ástralíu, Belgíu, Kanada, Ungverjalandi, Kóreu, Hollandi, Svíþjóð, Bretlandi og Bandaríkjunum - er hlutfall **útgjalda til stofnana á háskólastigi sem greidd eru af einkaaðilum öðrum en heimilum** 10% eða meira (Tafla B3.2b).
- Á öllum stigum menntunar, er **stefnan í opinber/einka hlutdeild í útgjöldum til menntunar** blönduð, þar sem sum ríki færast í átt til opinberra fjárframlaga á meðan

önnur færast í átt til einkaútgjalda. Í flestum tilfellum leiddi færslan í átt að einkaútgjöldum ekki til lækkunar á raunstigi fjárframlaga opinbera geirans (Töflur B2.2, B3.2a og B3.2b).

Hluti fjárlaga stjórnvalda sem menntun stýrir

- **Að meðaltali helga OECD ríki menntun 12,7% af opinberum heildarútgjöldum.** Samt sem áður eru gildin fyrir einstök ríki á bilinu frá undir 10% í Tékklandi, Þýskalandi, Lúxemborg og Slóvakíu, upp í 24% í Mexíkó (Tafla B4.1).
- **Opinber fjármögnun menntunar** er félagslegur forgangsréttur, jafnvel í OECD ríkjum með litla opinbera þátttöku á öðrum sviðum (Tafla B4.1).
- **Opinber útgjöld til menntunar aukast gjarnan hraðar er opinber fjárframlög í heild,** en ekki jafnhrað og verg þjóðarframleiðsla. Opinber útgjöld til menntunar, sem hundraðshluti af heildarútgjöldum hins opinbera jókst hraðar milli 1995 og 2001 í Danmörku, Mexíkó og Svíþjóð (Tafla B4.1).

Umfang og eðli niðurgreiðslna stjórnvalda til heimila

- **Opinberar niðurgreiðslur til nemenda og heimila** eru greinilega mestar á háskólastigi (Töflur B5.1 og B5.2).
- Að meðaltali 17% af **opinberum fjárframlögum til háskólamenntunar** er varið til að **styðja nemendur, heimili og aðra einkaaðila.** Í Ástralíu, Danmörku, Nýja-Sjálandi, Noregi, Svíþjóð og Bandaríkjunum skýra opinberar niðurgreiðslur um 30% eða meira af opinberu ráðstöfunarfé menntunar á háskólastigi (Tafla B5.2).
- **Niðurgreiðslur** eru almennt augljósari í kerfum þar sem nemendum er ætlað að greiða fyrir að minnsta kosti hluta af kostnaði við menntun sína (Vísbinding B5).
- **Niðurgreidd námslánakerfi** eru gjarnan í gangi í ríkjum með mikla þátttöku á háskólastiginu. Í flestum OECD ríkjum hafa þeir sem þiggja opinberar niðurgreiðslur umtalsvert sjálfræði hvað varðar hvernig niðurgreiðslunum er varið. Í öllum OECD ríkjum sem gefa skýrslu er niðurgreiðslum að mestu leyti ráðstafað utan menntastofnananna, og að öllu leyti utan í einu af hverjum þremur ríkjum (Tafla B5.2).

Dreifing fjármögnunar milli auðlindaflokka

- Að meðaltali er fjórðungur útgjalda til háskólamenntunar rekjanlegur til **rannsóknna og þróunar (R&D) við menntastofnanir á háskólastigi.** Verulegur munur á milli OECD ríkjanna í áherslunni á R&D í háskólastofnunum skýrir hluta þess mikla munar á útgjöldum á hvern háskólanemanda (Tafla B6.1).
- Hvað varðar stig fyrir neðan háskólastigið, skýra **núverandi útgjöld** að meðaltali 92% af heildarfjárframlögum í OECD ríkjunum. Í öllum nema fjórum OECD ríkjum er 70% eða meiru af núverandi útgjöldum ráðstafað í **laun starfsmanna** (Tafla B6.3).

Væntanleg lengd skólagöngu

- Í 24 af 27 OECD ríkjum **stunda einstaklingar reglulegu nám** í á milli 16 og 20 ár, að meðaltali. Mestu frávikin milli ríkja á þessum kvarða stafa af mismun í skráningu í framhaldsskólanám (Tafla C1.1).
- **Skólavæntingar** jukust milli 1995 og 2002 í öllum OECD ríkjum sem lögðu fram sambærilegar upplýsingar (Tafla C1.1).
- Í helmingi OECD ríkjanna eru yfir 70% **þriggja til fjögurra ára barna** skráð í annað hvort for- eða grunn- skólanám. Á hinum enda skalans getur 17 ára unglingur búist við að eyða að meðaltali 2,7 árum í háskólanámi (Tafla C1.2).
- Í meirihluta OECD ríkjanna **geta konur**, að meðaltali, **búist við að fá 0,7 árum lengri menntun** en karlar (Tafla C1.1).

Innganga í háskólanám

- Í dag fer önnur hver ung manneskja á OECD svæðinu **í háskóla eða nám á jafngildu stigi** á lífsleiðinni (Tafla C2.1).
- Í OECD ríkjunum **getur 17 ára unglingur nú búist við að innritast í 2,7 ár**, að meðaltali, **í háskólanám**, og af þeim verða 2,0 ár í fullu námi. Í Finnlandi, Kóreu og Bandaríkjunum geta nemendur búist við að fá um fjögurra ára fullt eða hlutanám í háskóla (Tafla C2.2).
- Að Austurríki og Frakklandi undanskildum jókst **þátttaka í háskólanámi** í öllum OECD ríkjunum **milli 1995 og 2002** (Tafla C2.2).
- **Meirihluti háskólanemenda eru skráðir í opinberum stofnunum**, en í Belgíu, Japan, Kóreu, Hollandi og Bretlandi eru flestir nemendur skráðir í einkareknum stofnunum (Tafla C2.3).

Alþjóðavæðing háskólamenntunar

- **Árið 2002 voru 1,90 milljónir nemenda** innan OECD, eða vinaríkja sem skýrt er frá í þessu bindi, **skráðir utan heimalands síns**. Þetta sýnir 15% aukningu í heildartilfærslu nemenda frá fyrra ári (Tafla C3.6).
- Fimm ríki (Ástralía, Frakkland, Þýskaland, Bretland og Bandaríkin) taka við nálægt 73% allra **erlendra nemenda sem nema á OECD svæðinu** (Graf C3.2).
- Í hreinum tölum eru nemendur frá Frakklandi, Þýskalandi, Grikklandi, Japan, Kóreu og Tyrklandi **stærsta uppspretta inntöku frá OECD ríkjunum** inn í OECD og vinaríki. Nemendur frá Kína, Indlandi og Suðaustur-Asíu mynda **mesta fjölda erlendra nemenda frá vinaríkjunum** inn í OECD og vinaríki (Tafla C3.2).
- Miðað við heildarskráningu í háskóla í hverju ríki er **hundraðshluti erlendra námsmanna sem skráðir eru í OECD ríkjunum** frá undir 1 til nálægt 18% í Ástralíu og Sviss. Hlutfallslega, miðað við stærð, taka Ástralía, Austurríki, Belgía, Frakkland, Þýskaland, Sviss og Bretland flesta erlenda námsmenn, þegar mælt er sem hundraðshluti af skráningum í háskóla (Tafla C3.1).

- Í Finnlandi, Spáni og Sviss er meira en sjötti hver erlendur námsmaður skráður í afar fræðilegt framhaldsrannsóknarnám (Tafla C3.4).
- Að svo miklu leyti sem **námssgreinar** varðar eru 30% eða fleiri **erlendra námsmanna** skráð í vísindi eða verkfræði í Ástralíu, Finnlandi, Þýskalandi, Svíþjóð, Sviss og Bretlandi (Tafla C3.5).

Umskipti frá menntun til atvinnulífs

- Í ríkjunum **getur 15 ára unglingur búist við að vera tæplega sex og hálf ár**, að meðaltali, **í reglulegu námi**. Í 17 af 28 ríkjum sem rannsökuð voru, nær þetta tímabil yfir frá tæplega sex til sjö og hálf ár (Tafla C4.1a).
- Til viðbótar við væntanlegan fjölda ára sem eytt er í menntun, getur 15 ára unglingur búist við að hafa atvinnu í 6,4 af næstu 15 árum, vera atvinnulaus í samtals 0,8 ár og fyrir utan vinnumarkaðinn í 1,3 ár. Mismunur á milli ríkja er mestur í meðaltímalengd atvinnuleysis. (Tafla C4.1a).
- **Í 23 af 27 OECD ríkjum eru fleiri konur en karlar á aldrinum 20 til 24 ára í námi**. Karlar í aldurshópnum 20 til 24 ára eru líklegri til að hafa atvinnu. Hundraðshluti 20 til 24 ára sem ekki eru í námi er á bilinu 50 til 70% í flestum OECD ríkjum (Tafla C4.2a).
- Í sumum ríkjum eru nám og vinna að mestu leyti samfelld, meðan þau eru samhliða í öðrum ríkjum. **Vinnu-náms áætlanir**, sem eru tiltölulega algengar í Evrópuríkjum, bjóða upp á skipulagðar verknámsleiðir að viðurkenndum atvinnuréttindum. Í öðrum ríkjum eru upphaflegt nám og vinna sjaldan tengd (Graf C4.4).
- **Hlutfall 20 til 24 ára sem ekki eru í námi** og án framhaldsskólamenntunar er undir 10% í aðeins átta af 27 OECD ríkjum. Í 11 ríkjum samsvarar þessi hópur, sem er í hugsanlegri hættu, milli 10 og 18% af aldurshópnum og í hinum átta OECD ríkjunum sem eftir standa fellur yfir 20% aldurshópsins undir þessa skilgreiningu (Tafla C5.1).
- Hundraðshluti 20 til 24 ára karla sem falla undir þennan “áhættu” hópur er stærri en hundraðshluti kvenna í sömu sporum í 19 af 27 ríkjum, mest áberandi í Grikklandi, á Íslandi, Írlandi, Ítalíu, Portúgal og Spáni. Þau ríki sem öfuga tilhneigingin er mest áberandi eru Danmörk, Lúxemborg og Tyrkland (Tafla C5.1).

Námsumhverfið og skipulagning skóla

Kennslumagn sem nemendur fá

- Nemendur safna upp að meðaltali 6.868 **klukkustundum af kennslu** milli 7 og 14 ára aldurs; þar af eru 1.576 klukkustundir milli 7 og 8 ára aldurs, 2.510 klukkustundir milli 9 og 11 ára aldurs, og 2.782 klukkustundir milli 12 og 14 ára aldurs (Tafla D1.1).
- Nemendur í OECD ríkjunum á aldrinum 7 og 8 ára fá að meðaltali 752 klukkustundir á ári af **skyldu-kennslutíma** og 788 klukkustundir á ári af **tilætluðum kennslutíma i kennslustofunni**. Ætlast er til að nemendur á aldrinum 9 til 11 ára fái nálægt 50 klukkustundum meiri kennslutíma á ári en þeir sem eru 7 til 8 ára, og þeir sem eru á aldrinum 12 til 14 ára fái nálægt 100 stundum fleiri á ári en þeir sem eru 9 til 11 ára. Samt sem áður eru þessar tölur verulega breytilegar milli ríkja (Tafla D1.1).

- **Kennsla lestrar og skriftar, stærðfræði og vísinda** nær yfir næstum helming skyldukennslutíma fyrir nemendur á aldrinum 9 til 11 ára og 41% fyrir nemendur á aldrinum 12 til 14 ára. Í ríkjunum eru mikil frávik í þeim hundraðshluta námsskrár fyrir 9 til 11 ára sem helgaður er lestri og skrift sem skyldufaga; þetta er á bilinu frá 12% af námsskránni í Portúgal til 31% í Slóvakíu (Tafla D1.2).

Inntökureglur í framhaldsskóla

- Samkvæmt könnunarskýrslum frá skólastjórum árið 2002 er bókleg frammistaða nemenda algengasta **viðmiðunin við inntöku nemenda í framhaldsskóla** sem notuð er, þótt það séu breið frávik milli ríkja. Yfir 80% nemenda í Finnlandi, Ungverjalandi og Noregi sækja skóla þar sem **bókleg frammistaða** nemenda er alltaf notuð sem viðmiðun fyrir inntöku, á meðan hlutfallið á Spáni er undir 10% (Tafla D5.1).
- Aðrir algengir þættir í **inntökureglum** sem notaðir eru, eru þarfir nemenda og áhugi á náminu, og búseta þeirra á ákveðnum svæðum (Tafla D5.1).
- Við **röðun nemenda** er algengasta viðmiðunin **val nemandans** á tilteknu fagi eða námi; að meðaltali sækja 73% nemenda skóla þar sem þessi viðmiðun er alltaf notuð. Á hinn bóginn sækir næstum helmingur nemenda í Mexíkó skóla þar sem þetta er aldrei notað. Röðun nemenda til að tryggja að bekkir innihaldi **blandaða getu** er næst-algengasta reglan, á undan því að raða saman nemendum á svipuðum aldri (Tafla D5.3).
- Skólar í flæmska samfélaginu í Belgíu, í Ungverjalandi, Írlandi og Ítalíu eru að meðaltali vandlátari, bæði við inntöku og röðun nemenda en alþjóðlega meðaltalið. Á hinn bóginn virðast skólar á Spáni og í Svíþjóð ekki eins vandlátir í inntökureglum og alþjóðlega meðaltalið, og þeir virðast einnig gjarnan nota sjaldnar valröðunarreglur (Graf D5.3).

Bekkjastærð og hlutfall nemenda/kennara

- **Meðal-bekkjastærð** í grunnskólanámi er 22, en er breytileg milli ríkja, frá 36 nemendum í bekk í Kóreu til innan við helmingss þess fjölda í Grikklandi, Íslandi og Lúxemborg (Tafla D2.1).
- **Fjöldi nemenda í bekk** eykst um að meðaltali tvo nemendur milli grunnskóla og unglíngastígs, en **hlutfall nemenda á kennara** minnkar gjarnan á hærri menntunarstigum vegna meiri kennslutíma á ári (Tafla D2.1).
- **Kennarar og annað starfsfólk** skóla á grunn- og framhaldsstigi er á bilinu frá 81 á hverja 1.000 nemendur skráða í Japan, Kóreu og Mexíkó til 119 eða fleiri á hverja 1.000 nemendur í Frakklandi, Ungverjalandi, Íslandi, Ítalíu og Bandaríkjunum (Tafla D2.3).

Laun kennara

- **Laun um miðjan starfsaldur** hjá kennurum á unglíngastigi eru á bilinu frá undir US\$ 10.000 í Slóvakíu til US\$ 40.000 eða meira í Ástralíu, Þýskalandi, Japan, Kóreu, Skotlandi, Sviss og Bandaríkjunum (Tafla D3.1).
- Að meðaltali eru **laun framhaldsskólakennara á hverja kennslustund** um 40% hærri en laun grunnskólakennara þó að munurinn sé innan við 5% á Nýja-Sjálandi,

Tyrklandi og Bandaríkjunum, og allt upp í 82% á Spáni, þar sem munurinn á kennslutíma milli grunn- og framhaldsskóla er hvað mestur (Tafla D3.1).

- **Laun efst á skalanum** eru að meðaltali um 70% hærri en byrjunarlaun í bæði grunn- og framhaldskennslu, þó að þetta sé breytilegt milli ríkja; að mestu leyti í takt við þann árafjölda sem það tekur kennara að fara í gegnum skalann. Til dæmis eru hæstu laun í Kóreu næstum þrefalt hærri en byrjunarlaun, en það tekur 37 ár að ná þangað upp (Tafla D3.1).
- **Laun kennara hafa aukist að raungildi í næstum öllum löndum milli árána 1996 og 2002**, mesta sýnilega aukningin í Ungverjalandi og Mexíkó. Á sama tímabili lækkuðu laun að raungildi í grunn- og framhaldsskólum á Spáni (Tafla D3.3).

Vinnutími kennara

- Fjöldi **kennslustunda á ári í opinberum grunnskólum** er að meðaltali 803 stundir, en nær yfir frá 617 í Japan til 1.139 stunda í Bandaríkjunum (Tafla D4.2).
- Meðalfjöldi **kennslustunda á unglíngastigi** er 717 stundir, en nær yfir frá 513 í Japan til 1.167 stunda í Mexíkó (Tafla D4.2).
- Meðalfjöldi **kennslustunda á framhaldsskólastigi** er 674 stundir, en nær yfir frá 449 í Japan til 1.121 stundar í Bandaríkjunum (Tafla D4.2).
- **Hundraðshluti vinnutíma sem varið er til kennslu** er hærri á grunnstiginu en á framhaldsstiginu. Á hvoru stiginu er hundraðshluti vinnutíma sem varið er til kennslu yfir 50% í aðeins minnihluta ríkjanna (Tafla D4.1 og Graf D4.2).
- **Reglugerðir um vinnutíma kennara** eru breytilegar milli ríkja. Í flestum ríkjum eru þess formlega krafist að kennarar vinni tiltekinn fjölda klukkustunda; í öðrum er aðeins kennslutími í kennslustundum á viku tiltekinn (Vísbending D4).

Dreifing ábyrgðar á ákvarðanatöku á unglíngastigi

- Byggt á upplýsingum fyrir 2003 er **ákvarðanataka** í heildina að mestu leyti miðstýrð (tekin á mið- og/eða ríkisstigi stjórnvalda) í Ástralíu, Austurríki, Grikklandi, Lúxemborg, Mexíkó, Portúgal, Spáni og Tyrklandi, þar sem miðstjórn er sérstaklega ráðandi í Grikklandi (88% ákvarðana teknar af miðlægu stjórnkerfi) og Lúxemborg (66%) (Tafla D6.1).
- Ákvarðanir eru oftast teknar á **skólastiginu** í Tékklandi, Englandi, Ungverjalandi, Nýja-Sjálandi og Slóvakíu, og sérstaklega í Hollandi, þar sem allar ákvarðanir eru teknar á skólastiginu (Tafla D6.1).
- **Ákvarðanir um skipulag kennslu** eru aðallega teknar af skólum í öllum OECD ríkjunum, meðan **ákvarðanir um áætlanagerð og uppbyggingu** eru að mestu leyti á vettvangi miðlægarí laga stjórnvalda. Þessi mynd er blandaðri þegar um er að ræða **ákvarðanir um starfsmannastjórnun og nýtingu og notkun mannafla** (Tafla D6.2).
- **Tæplega helmingur ákvarðana sem skólarnir taka eru teknar með fullu sjálfsforræði**, um það bil sama hlutfall og ákvarðanir sem teknar eru innan ramma sem settur er af æðra valdi. Ákvarðanir sem skólarnir taka í samráði við aðra eru tiltölulega sjaldgæfar. Skólar eru ólíklegri til að taka sjálfstæðar ákvarðanir sem

tengjast áætlanagerð og uppbyggingu en þær sem tengjast öðrum sviðum (Tafla D6.3).

- **Milli 1998 og 2003 urðu ákvarðanir sem teknar voru í flestum ríkjum ekki eins miðstýrðar**, áberandi mest í Tékklandi, Kóreu og Tyrklandi. Gagnstæð tilhneiging var greinileg í franska samfélaginu í Belgíu og í Grikklandi (Graf D6.3).

Til viðbótar við uppfærslu á reglubundnum vísbendingum felur þessi útgáfa í sér eftirfarandi nýjar vísbendingar:

- **A5: Stefnur í lestrarkunnáttu** – metur lestrarkunnáttu nemenda um 9 ára aldur, bæði í heildina og eftir kyni.
- **A8: Skuldbinding nemenda** – skoðar tvær stærðir í skuldbindingu nemenda: tilfinningu nemenda fyrir að eiga heima, og þátttöku þeirra í skóla, og sýnir að hve miklu leyti þetta er mismunandi milli ríkja.
- **D5: Inntöku-, staðsetningar- og röðunarreglur** – skoðar þessar reglur eins og þær eiga við á framhaldsskólastigi þar sem námsskilyrði fara að sýna meiri mismun.
- **D6: Ákvarðanatöku í menntakerfum** – skoðar mynstur ákvarðanatöku og útlínur sem stjórnvöld taka ákvarðanir út frá, á hvaða sviðum kerfisins, og stig sjálfsforræðis sem þau taka þessar ákvarðanir með.

Til viðbótar er komið fram með nokkrar *nýjar greiningar* í gegnum reglulegar vísbendingar sem sýna:

- Lýðfræðilega þætti sem hafa áhrif á framtíðarframboð menntaðs fólks (Vísbinding A1)
- Stefnur í sambandinu á milli námsárangurs og virkni vinnuafls (A10)
- Samanburð á hlutfallslegum tekjum með tímanum, bæði á heildina litið og fyrir karla og konur í hvoru lagi (A11)
- Samanburð á dreifingu útgjalda og nemenda eftir menntunarstigi (B1)
- Sundurliðun einkaútgjalda til menntunar milli heimilisútgjalda og annarra einkaútgjalda (B3)
- Mynstur skráningar táninga eftir árgöngum (C1)
- Stefnur í hreyfanleika nemenda og greiningu námsgreina sem erlendir nemendur stunda (C3)
- Samanburð með tímanum á hvernig tilfærslu milli menntunar og vinnu er stýrt (C4)
- Mat með hliðsjón af fæðingarríki unglunga með litla menntun (C5)
- Samanburð milli opinberra- og einkastofnanna hvað varðar hlutfall nemenda og starfsfólks við kennslu (D2)
- Hlutfall vinnutíma kennara sem varið er til kennslu (D4)

Athugasemdir til ritstjóra

Tölur vísa almennt til skólaársins 2002 eða fjárhagsársins 2001, nema annað sé tekið fram. Tölur um lestrar-, stærðfræði- og vísindalæsi 15 ára unglinga og um skuldbindingu nemenda eru úr Áætlun um alþjóðlegt mat á nemendum (Programme for International Student Assessment (PISA)) árið 2000.

Vísendingarnar sem kynntar eru í bókinni eru byggðar á upplýsingum sem OECD höfðu yfir að ráða 30. júní 2004. Skýrt er frá öllum síðari breytingum sem ríki gera á upplýsingum sínum og hafa áhrif á vísendingagildin á vefsíðu OECD: www.oecd.org/edu/eag2004.

Orðskýringar á hugtökum sem notuð eru í ágrípi framkvæmdastjórnarinnar

Framhaldsrannsóknarnám – vísar til náms á háskólastigi sem leiðir beinlínis til veitingar framhaldsrannsóknarréttinda, t.d. Ph.D.

Námsárangur – námsárangur telst vera hæsta menntunarstig sem einstaklingur hefur lokið, skilgreint samkvæmt ISCED.

Atvinnuhlutfall – er fjöldi fólks með atvinnu sem hundraðshluti af heildarfólksfjölda.

Útgjöld til menntastofnanna – nær yfir útgjöld til þeirra menntastofnanna sem fást við kennslu, jafnt sem útgjöld til menntastofnanna sem ekki stunda kennslu, til dæmis þær sem eru í tengslum við stjórnslu menntakerfisins.

Mannauður – skapandi auður sem felst í vinnu, færni og þekkingu.

ISCED- International Standard Classification of Education (Alþjóðleg staðlaflokkun menntunar) sem flokkar námskerfi eftir stigum.

Vinaríki – ríki sem taka þátt í verkefni OECD/UNESCO um vísendingar um menntun í heiminum (World Education Indicators (WEI)): Argentína, Brasilía, Chile, Kína, Egyptaland, Indland, Indónesía, Jamaíka, Jórdanía, Malasía, Paragvæ, Perú, Filippseyjar, Rússland, Sri Lanka, Tæland, Túnis, Úrúgvæ og Simbabve. Til viðbótar er Ísrael, sem hefur stöðu athuganda í starfsemi OECD í menntamálum, talið með.

Skólavæntingar – meðaltímalengd reglulegrar menntunar sem fimm ára gamalt barn getur búist við að stunda á lífsleiðinni.

A-stig menntunar á háskólastigi – samsvarar námi á 5A stigi ISCED. Þetta er að miklu leyti byggt á fræðilegum grunni og ætlað að veita fullnægjandi réttindi til inngöngu í framhaldsrannsóknarnám og starfsgreinar með kröfur um mikla kunnáttu, svo sem lækisfræði, tannlækningar eða arkitektúr. Felur venjulega í sér bæði sveins- og meistaraáráður og jafngildi þeirra.

B-stig menntunar á háskólastigi – samsvarar námi á 5B stigi ISCED. Þetta er venjulega styttra en A-stig háskólanáms og beinir sjónum að hagnýtri, tæknilegri eða atvinnukunnáttu fyrir beina inngöngu inn á vinnumarkaðinn, þrátt fyrir að fjallað sé um einhvern fræðilegan grunn í viðeigandi fögum.

Menntun á háskólastigi – A- og B-stig háskólanáms, ásamt framhaldsrannsóknarnámi.

Heildarútgjöld hins opinbera til menntunar – felur í sér opinber (stjórnvöld) útgjöld til stofnanna, jafnt og opinberar niðurgreiðslur til heimila (t.d. framfærslukostnaður) og annarra einkaaðila.

Háskóli eða jafngilt stig – vísar til A-stigs háskólanáms og herra.

© OECD 2004

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjöltungdir útdrættir eru þýdd ágríp af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.

**Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD
www.oecd.org/bookshop/**

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf.

rights@oecd.org

Bréfsími: +33 (0)1 45 24 13 91

OECD Rights and Translation unit (PAC)
2 rue André-Pascal
75116 Paris
France

Heimsækið vefsíðu okkar www.oecd.org/rights/

